



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning í landi Eyrar við
Skutulsfjörð vegna deiliskipulags*

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
Atli Rúnarsson

Maí 2025

NV nr. 17-25


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Maí 2025
Skýrsla nr: 17-25	Verknúmer: 698	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning í landi Eyrar við Skutulsfjörð vegna deiliskipulags		Unnið fyrir: Rorum ehf.
Höfundur: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning í landi Eyrar við Skutulsfjörð vegna breytinga á deiliskipulagi. Engar minjar fundust innan skipulagssvæðisins.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirlit af: KSR

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Aðferðafræði	4
2.1	Tilgangur fornleifaskráningar	4
2.2	Skráning fornleifa	5
3.	Framkvæmdasvæðið	6
3.1	Saga Eyrar við Skutulsfjörð	6
4.	Niðurstöður	7
5.	Heimildaskrá	8
6.	Kort	9

1. INNGANGUR

Að beiðni Þorleifs Eiríkssonar hjá Rorum ehf. gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna breytinga á deiliskipulagsreit í landi Eyrar við Skutulsfjörð. Gert er ráð fyrir framkvæmdum fyrirhugaðs kálfs upp á Eyrarfjall á Ísafirði. Svæðið afmarkast af byrjunarstöð kálfsins við hlíðarfót Eyrarfjalls auk bílastæði fyrir farþega kálfsins. Skipulagssvæðið er hluti af jörðinni Eyri við Skutulsfjörð sem nú er hluti af Ísafjarðarbæ og er 3,9ha að stærð.¹ Svæðið var innan skráningar sem gerð var árið 2002 en þá fundust engar minjar á svæðinu.²



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt inn á kort með gulum punkti.

Svæðið var gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 15. maí 2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi sem sá einnig um skýrslu- og kortagerð ásamt Kristínu Sýlvíu Ragnarsdóttur fornleifafræðingi.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð að hluta og var stuðst við þá skráningu. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

2.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29 júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin í skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16.gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. Grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast til hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og

¹ ÍS/AB. 2025.

² Sjá: Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher, 2002

bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrisjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24.gr.)

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3431 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3431-001.

3. FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

3.1 Saga Eyra við Skutulsfjörð

Fyrst er getið um Eyri í Skutulsfirði í Gísla sögu Súrssonar þar segir; „Oddr er maðr nefndr ok var Örlýgsson. Hann bjó á Eyri í Skutulsfirði.“³

Eyri í Skutulsfirði kemur fyrst fram í máldaga frá 1286. Þar segir „Máldagi Mariukirkju á Eyri í Skutulsfirði [er Árni biskup Þorláksson setti]. [...] Mariu kirkia a eyri j skutilz firdi á ij luti j heima landi: og þeim kýr: cc eina og fim hundrud fríjd: j audro: tiolld vm huerfis oc kluckur iij. Hocul altara klædi ij: munlogar ij. Oc glodaker: tijundir af x bolum oc half af kirkiu boli: torf skurd af ij lutum j attredmijngi: j tungu land: stola ij oc merki ij: þar skal vera pr[restr] heijmilisfastur oc taka fiorar merkur.“⁴

Í Hítardalsbók frá árinu 1367 segir; „cxxxvii. Mariukirkia a Eyre j skutulsfirde. A heimaland allt kyr xij og lx asaudar. Gelldneyta kugillde. Cc voru edur voru vird. Pallbord iij storkerold j jordu. Þetta ber saman við wilchinsbok. Vtann hier stendur suo. Ad frateknum kirkiubole ok forsum og eingedal [ad tijundum]“⁵

Mariukirkja á Eyri í skutulsfirði er nefnd í Vilchinsbók frá árinu 1397; „Mariukirkia a Eyri j Skutlsfirdi oc hins heilaga Jons postula a heimaland allt. Kyr oc lx asaudar. Gelldneyta kugildi cc voru. Pllbord. Ij storkierolld j jordu. Þangad liggia tiunder af ollum bæium mille Brudarhamars oc Ofæru oc lysistollar ad frateknu Kirkiuboli. Forsum oc Eingidal.“⁶

Í Testamentisbréfi Guðna Oddsonar frá árinu 1431 kemur fram að hann gaf ýmsar gjafir fyrir sál konu sinnar hana Þorbjörgu Guðmundardóttir. Þar á meðal var 100 til Eyra í Skutulsfirði.⁷

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1710 er jörðin metin á 24 hundruð að dýrleika. Þar segir; „Eyre. Kirkjustaður og beneficium. Jarðardýrleiki er óviss, því staðurinn tíundast öngvum, en munnmæli eru að þetta hafi að fornu 24 c jörð kölluð verið.“⁸

Í jarðatali Johnsen frá 1847 er Eyri við skutulsfjörð metin á 24 hundruð. Þar segir í neðanmálgrein að hjáleigan talin í eyði 1805 og að Árni Magnússon telur sjö og hálf kirkjukúgildi á staðnum. Árið 1805 voru 3 verslunarhús á Eyri og þar að auki þurrabúðafólk.⁹

Eyri fór í eyði á seinni hluta 19. aldar og er ekki til túnakort yfir jörðina.

³ Guðni Jónsson & Björn K. Þórólfsson, 1972, bls. 25

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 260

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 228

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 140-141

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 485

⁸ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 159

⁹ Johnsen. 1847. Bls. 198.

4. NIÐURSTÖÐUR

Engar minjar fundust á yfirborði og ekki eru til neinar heimildir um minjar á svæðinu. Meirihluti svæðisins er nú undirlagt undir matjurtagarða sem eru enn í notkun. Einnig er búið að gera snjóflóðavarnir og göngustíga á svæðinu. Eins fundust engar minjar þegar svæðið var skráð 2002.¹⁰

Þó er vert að minna á að samkvæmt menningarminjalögum skal stöðva framkvæmdir strax ef áður óþekktar minjar finnast við þær og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem mun þá taka ákvörðun um framhaldið.



Mynd 2. Horft suður yfir skipulagssvæðið (t.v.) og norðvestur (t.h.)

¹⁰ Sjá: Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher, 2002

5. HEIMILDASKRÁ

- Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1984). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ísafjarðarsýsla & Strandasýsla* (B. VII). Reykjavík: Sögufélagið.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Guðni Jónsson & Björn K. Þórólfsson. (1972). *Vestfirðinga sögur. Íslensk fornrit VI.* Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- ÍS/AB. (2025). *Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og nýtt deiliskipulag fyrir Eyrarkláf.* Reykjavík: EFLA verkfræðistofa.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher. (2002). *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. hluti Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna; Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból.* Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands SES.

6. KORT



Skýringar

 Skráningarsvæði

0 50 100 150 m



Yfirlitskort af skráningarsvæðinu

Skali 1:2000 Dags. 22.5.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson